



Ratað um frumskóginn Netöryggi í nýjum heimi



Alma Tryggvadóttir
Steinar Arason
Sérfræðingar í regluvörslu Landsbankans



Stóru málin í dag

- Facebook- og Messenger svik
- Fjárfestasvik
- Fyrirmælafölsun (business e-mail compromise)
- Vefveiðar og verslun á netinu
- Ástar- og vináttusvik

„Langur ferill“ að endurheimta milljónirnar 900



Lagerinn Iceland er m

Tölvuþrjótargjalds



Með íslenskt fyrirtæki í gíslingu og vilja lausnargjald

© 22.09.2021 - 18:45 Dóms- og lögreglumál - Innlent · Tölvuárásir · Tölvuglæpir · Tölvuþrjotar



Fréttir Útvarp Sjónvarp

Óvissustig almannavarna vegna netárása á stofnanir

Netárásir voru gerðar á íslenskar stofnanir í morgun í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins sem haldinn er í Hörpu í dag og á morgun. Óvissustigi almannavarna hefur verið lýst yfir vegna árásanna.

Ísak Gabríel Regal
16. maí 2023 kl. 13:47, uppfært kl. 16:48



Vefsíður opinberra stofnanna hafa legið niðri í dag vegna netárása á íslenska innviði.
RÚV - Ragnar Visage

Almannavarnir hafa lýst yfir óvissustigi vegna netárása sem tengja má við leiðtogafund Evrópuráðsins. Þetta kemur fram í tilkynningu.



Þriti af Þjóðskrá frá

x47







1. Facebook / Messenger svik

Svindlarar nota samfélagsmiðla eins og Messenger appið til að fá notendur til að staðfesta greiðslur eða innskráningu í netbanka svo hægt sé að millifæra fjármuni eða gefa upp persónuupplýsingar sem hægt er að misnota frekar á öðrum vettvangi.

Facebook / Messenger-svik



- Kanna eftir öðrum leiðum hvort „vinur“ sé raunverulega að biðja um upplýsingar
- Hafa samband við viðskiptabanka strax ef kortaupplýsingar afhentar eða aðgangur að netbanka
- Sterk og einstök lykilorð

www.haveibeenpwned.com




2. Fjárfestasvik

Fjárfestasvik felast í því að verið er að bjóða einstaklingum hvers kyns fjárfestingu með miklum og hörðum ágóða t.d. í rafmyntum, erlendum hlutabréfum eða verðbréfasjóðum

Algengustu svikin gegn einstaklingum

Fjárfestasvik

- Auglýsingar á Facebook eða öðrum samfélagsmiðlum
- Frábær tilboð um *fjárfestingar* í fjármálagerningum með lítilli eða engri áhættu eða *fjárfestingaráðgjöf*
- Þekktir einstaklingar notaðir til að vekja áhuga og gefa svikum trúverðugleika
- Einstaklingar eru að tapa stórum fjárhæðum



Því er rétt að ítreka eftirfarandi leiðbeiningar:

- Verum á varðbergi gagnvart óvæntum tilboðum.
- Verum á varðbergi gagnvart fólki og fyrirtækjum sem erfitt er að sanna deili á.
- Verum á varðbergi gagnvart fólki og fyrirtækjum sem bjóða fjárhagsaðstoð að fyrra bragði.
- Veitum öðrum aldrei bankaupplýsingar okkar.
- Það er óeðlilegt ef einhver hefur samband við þig og óskar eftir upplýsingum um fjárhagslega stöðu þína.
- Treystu bankanum ef hann ráðleggur þér að framkvæma ekki greiðslu.
- Ef þú ákveður samt sem áður að halda áfram, fáðu þá fagálit viðurkenndra sérfræðinga í málum sem þessum, þar með talið lögfræðiálit.

Svikarar sannfæra um gullin tækifæri

- Bjóða þér þjónustu þar sem þeir framkvæma viðskiptin fyrir þig í **tölvunni þinni**
 - Hafa samband með tölvupósti eða í síma
- Óska eftir að þú hlaðir niður og/eða skráir þig inn á forrit eða heimasíðu sem heitir **AnyDesk**
- Reyna að svíkja sama fólkið aftur og aftur
 - Á seinni stigum með því að bjóða aðstoð við að endurheimta fjármuni
 - Vilja þá „greiðslu“ fyrir skjalagerð / lögfræði- eða bankakostnaði o.s.frv.
 - Landsbankinn á ekki í samstarfi við erlend fyrirtæki eða öryggisráðgjafa um endurheimt fjármuna!

The image shows two overlapping website screenshots. The top one is for 'TRADER PROTECTION By Asserson Solicitors'. It features a dark blue header with navigation links: 'Trader Protection', 'Broker Reviews', 'No-Win No-Fee', 'FAQs', 'Contact Us', and 'Asserson Legal Team'. A white banner at the top right contains 'Office Hours Sun - Thurs: 8.00 - 16.00', 'Have Any Questions? 01322 946758', and a green button that says 'NO-WIN NO-FEE SERVICE'. The main content area has a dark background with the text 'TRADER PROTECTION: BY ASSERSON SOLICITORS' and a large white headline: 'Have you lost money trading online?'. The bottom screenshot is for 'FUNDS RECOVERY SOLUTIONS'. It has a dark blue background with a grid of triangles. The main headline reads 'We can recover all your lost funds' with a 'LEARN MORE' button below it. A navigation menu at the top includes 'HOME', 'ABOUT US', 'SERVICE', 'NEWS', and 'CONTACT'. On the right, there is a 'CURRENCY PROGRESS' section with a line graph showing an upward trend from Jan-18 to Jun-18. A 'We Are Here!' logo is in the bottom right corner.

3. Fyrirmælafölsun

Svikari sendir fölsk fyrirmæli um greiðslur t.d. í tölvupósti í nafni framkvæmdastjóra / fjármálastjóra eða birgja en pósturinn kemur í raun frá netfangi sem svikari hefur búið til eða brotist inn í.

Algengustu svikin gegn fyrirtækjum

Fyrirmælaafölsun



Níu ráð til að verjast fyrirmælafölsunum

1. Fræða starfsfólk um einkenni og hættur af netsvikum. Tölvuþrjótur reyna að velja tímasetningar þegar yfirmaður er fjarri eða erfitt að ná í hann, t.d. þegar hann er í fríi. Þá er erfiðara að sannreyna réttmæti greiðslufyrirmæla.
2. Læra að þekkja hættur og hvað það er sem stingur í stúf. Er yfirmaðurinn eða viðtakandinn að setja gríðarlega tímapressu á starfsmann? Er viðtökulandið nýtt? Er viðtökubankinn nýr? Er eigandi reikningsins nýstofnað félag?
3. Horfa á sjálft netfangið, auk birtingarnafns og kanna hvort aðrir í fyrirtækinu hafa fengið svipaðan póst.
4. Ekki láta undan pressu því henni er ætlað að fá fólk til að gera mistök.
5. Treysta bankanum ef hann leggst gegn viðkomandi greiðslu.

6. Staðfesta greiðslubeiðnir með símtali eða fá staðfestingu frá öðrum tengdum aðila. Staðfesta einnig breyttar greiðsluupplýsingar birgja með símtali. Tölvupóstur er ekki öruggur samskiptamáti.

7. Tryggja að verklagsreglur séu uppfærðar. Í því felst t.d. að setja reglur um hver eða hverjir megi inna greiðslur af hendi þegar uppáskrift vantar eða ábyrgðaraðilar eru fjarverandi. Munum að þrjótarnir reyna oft að falska fyrirmæli þegar lykilmál er fjarverandi. Það er alltaf ráðlegt að leita álits samstarfsfólks eða yfirmanna þegar grunur leikur á óeðlilegu athæfi.






8. Tryggja að greiðslusambykktarferli sé til staðar og því fylgt, helst bæði í útgreiðslukerfinu og í netbankanum líka.

9. Sjá til þess að netöryggismál séu á sama stalli og önnur öryggismál. Fræðsla, forvarnarstarf og æfingar gegn netsvikum þurfa að vera jafn sjálfsagður hlutur og eldvarnarfræðsla og brunaæfingar.







4. Vefveiðar

- Tölvupóstar
- SMS
- Símhringingar
- Netverslanir og vöruviðskipti á netinu




Staðfesting með rafrænum skilríkjum

Staðfestingar sms



Staðfestingar sms



3000 SAR = 115.000 kr

The image features a dark blue background with a large teal circle containing a white computer monitor icon. In the foreground, there is a large orange circle with a white icon of a stack of coins. The text is positioned to the right of these graphics.

Hvað ef ég eða fyrirtækið mitt lendir í klóm svikara?

- Hafa samband við viðskiptabankann þinn sem fyrst, við getum aðstoðað og veitt ráðgjöf.
 - Skoðum hversu langt er síðan færslan/svikin voru framkvæmd – er möguleiki á afturköllun greiðslu?
- Frysta kort strax í appinu ef því eða kortanúmeri einstaklings eða fyrirtækis er stolið.
 - Mikilvægt getur verið að hafa samband strax við viðskiptabankann.
- Þú tilkynnir lögreglu um svikin með því að senda tölvupóst á netfangið cybercrime@lrb.is
- Landsbankinn hefur birt mikið af fræðsluefni og upplýsingar um netöryggi síðustu ár sem nálgast má á vef bankans – landsbankinn.is/netoryggi.

Ef það er of gott til að vera satt þá er það ekki satt!

Mannlegi þátturinn er veikasti hlekkurinn

Þekkingarmiðlun og innri fræðsla nauðsynleg hjá fyrirtækjum og stofnunum

Engin ástæða til að skammast sín – rétt (og hröð) viðbrögð skipta hins vegar sköpum

Einstaklingar Fyrirtæki Markaðurinn **Umræðan** Bankinn

Umræðan Samfélagið Efnahagsmál Netöryggi Fræðsla Hlaðvarp

Fræðsluefni um varnir gegn netsvikum

Við höfum tekið saman aðgengilegt fræðsluefni um hvernig hægt er að þekkja netsvik og verjast þeim...

Lesi



8. júlí 2022

Mundu eftir netörygginu - líka þegar þú ert í fríi

Tilraunum til hvers kyns netsvika hefur fjölgað mikið og reynslan sýnir að þeim fjölgar á sumrin. Ástæðan er talin vera sú að netsvikarar vonast eftir því að þá sé fólk sé kærulausara og sé líklegra til að taka þátt í fólkskum...

Takk fyrir

Nánari upplýsingar á:
landsbankinn.is/netoryggi